

**A 1654/presidiet**

Flutt af:
Flokkahópi hægrimanna

Til umfjöllunar í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 15-00203-1

Þingmannatillaga um umbótastarfið og fjárhagsáætlunarferlið

Í formála framkvæmdastjórans að fjárhagsáætlunartillögu Norrænu ráðherranefndarinnar skrifar Dagfinn Høybråten að nú eigi sér stað umfangsmikil nútímavæðing á samstarfi norrænu ríkisstjórnanna og að stefnt sé að því að leggja fram fjárhagsáætlun þar sem markmiðs-yfirlýsingar eru skýrar og árangurinn áþreifanlegur. Flokkahópur hægrimanna í Norðurlandaráði fagnar þessu frumkvæði og því viljum við leggja okkar af mörkum með hugmyndum um núverandi umbótastarf og fjárhagsáætlunarferli. Mikilvægt er að við sem stjórnmalafólk öxlum okkar ábyrgð á því hvernig farið er með fé skattgreiðenda. Reynslan hefur kennt okkur að þegar fé er veitt til alþjóðasamstarfs getur það reynst blaðamönnum ærið viðfangsefni að skapa umræðugrundvöll í heimalandinu um hvort fénu sé varið á skynsamlegan hátt.

Við viljum taka þátt í umræðunni um hvernig fénu er varið. Við teljum tímabært að við gerum reglulegar úttektir á stofnunum og verkefnum og tökum ákvörðun um framhaldið, þegar niðurstöður matsins liggja fyrir og viðkomandi stofnun þykir ekki þjóna lengur tilgangi sínum.

Við vitum af fenginni reynslu að nokkrar norrænar stofnanir, þar á meðal Norræni sumarháskólinn, gegndu mikilvægu hlutverki fyrir þrjátíu árum, en dapurleg og gagnrýnin skýrsla, sem Technopolis hefur unnið, gefur okkur tilefni til þess að spyrja hvort sú sé raunin enn þann dag í dag. Í matsskýrslunni stendur meðal annars að „heildarmat sérfræðinga á vísindalegum gæðum Norræna sumarháskólans sé á bilinu „fyrir neðan ásættanleg mörk“ og „ásættanleg í norrænu samhengi“. Í þessum orðum felst að ritin standast ekki vísindalegar gæðakröfur. Allt að 31% af útgjöldum fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar renna til stofnana sem lifa tiltölulega vernduðu lífi af fjármagni sem berst reglulega frá Norrænu ráðherranefndinni.

Í úttektarskýrslu sem COWI vann um árangur norrænna verkefna er einnig bent á kerfisbilun. Í niðurstöðum skýrslunnar stendur meðal annars að „það er hluti af heildarniðurstöðunni að skjalfestingu á norrænu notagildi verkefna sé almennt ábótavant, sem og pólitískri eftirfylgni og samskiptum við almennings“.

A 1654/presidiet

Flutt af:
Flokkahópi hægrimanna

Til umfjöllunar í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 15-00203-1

Við veitum því einnig eftirtekt að lýsingar á hvort sem er markmiðum eða árangri eru tiltölulega óskýrar í tillögu Norrænu ráðherranefndarinnar að fjárhagsáætlun, og það er okkur eiginlega hulið hvernig fénu er varið. Fyrir 1,7 m.da. kr. vilja menn til dæmis „vekja alþjóðlega athygli á norrænu samstarfi“. Féð á að renna til skýrslugerðar, greininga og fræðsluefnis auk ráðstefnuhalds.

Því er sjálfsagt að við spyrjum okkur hvort farið sé með féð á ábyrgan hátt, eða hvort tímabært sé að gera gagngera úttekt á því hvernig fénu er varið og hvort við getum sýnt fram á nægilegan árangur. Er ábyrgðinni og skiptingunni rétt háttað? Geta Norðurlandaráð og Norræna ráðherra-nefndin nýtt tímann og féð betur?

Framvegis, þegar ráðist verður í ný verkefni og önnur framlengd, ætti að vera fastur liður að gera grein fyrir þeim árangri sem sóst er eftir. Matsþættina verður að samþykkja fyrirfram og eins á að vera hægt að endurskoða þá. Dæmi um slíka þætti eru:

- Er hægt að sýna fram á samlegðaráhrif vegna norræna verkefnisins?
- Hefur verkefnið gefið tilefni til aðgerða milli landa eða í löndunum sem leitt hafa til þess að reynsla hefur verið tekin saman og henni miðlað áfram?
- Er hægt að sýna fram á pólitíska eftirfylgni í löndunum, norrænt eða alþjóðlega? Og hvað þýddi eftirfylgnin?

Við teljum að þess í stað beri að hreinrækta Norðurlandaráð sem þingmannavettvang. Norðurlandaráð er ekki yfirþjóðleg stofnun þar sem meirihlutinn getur beygt aðildarríkin til þess að fylgja annarri stefnu en þjóðþing landanna hafa ákveðið. Ráðið er gagnlegur vettvangur stjórnmalafólks þar sem kostur gefst á að ræða sameiginlegar áskoranir sem krefjast lausna yfir landamæri á sameiginlegum vanda.

Rétt eins og rætt er um dreifræðisregluna á vettvangi ESB ber einnig að taka mið af henni í norrænu samstarfi. Fjöldinn allur af þingmanna- og nefndartillögum streymir gegnum Norðurlandaráð. Í mörgum tilvikum skortir Norðurlandaráð forsendur til þess að taka ákvarðanir um tillögurnar. Margar hafa þegar verið afgreiddar einu sinni en alloft gerist það að sama málefnið skýtur aftur upp kollinum. Því viljum við hvetja til þess að tekið verði mið af dreifræðisreglunni í hinu pólitíska starfi og jafnframt að flokkahóparnir, í samráði við skrifstofu Norðurlandaráðs, hafi eftirlit með því hvort viðkomandi tillögur hafi þegar verið til umfjöllunar í Norðurlandaráði.

Flokkahópur hægrimanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún eigi frumkvæði að gagngerri úttekt á öllum norrænum stofnunum og íhugi jafnframt framhald stofnana sem þjóna ekki lengur tilgangi sínum;

að hún eigi frumkvæði að gagnrýnni endurskoðun á verkefnum;

að hún eigi frumkvæði að því hvernig taka megji mið af dreifræðisreglunni í norrænu samstarfi.

Kaupmannahöfn, 24. september 2015

Annicka Engblom (M)

Bente Stein Mathisen (H)

Elín Hirst (Sj.)

Hans Wallmark (M)

Heidi Nordby Lunde (H)

Juhana Vartiainen (Saml)

Lars-Arne Staxäng (M)

Lena Asplund (M)

Michael Tetzschner (H)

Naser Khader (KF)

Norunn Tveiten Benestad (H)

Øyvind Halleraker (H)

Susanna Koski (Saml)

Svein Harberg (H)

Thomas Finnborg (M)

Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)

Wille Rydman (Saml)

Norðurlandaráð

A 1654/presidiet

Flutt af:

Flokkahópi hægrimanna

Til umfjöllunar í:

Forsætisnefnd

Málsnúmer: 15-00203-1